

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 14. desember 2023

Mál nr. S-3865/2023:

## Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Kristmundur Stefán Einarsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

## Kristni Eiðssyni

(Einar Oddur Sigurðsson lögmaður)

### Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 16. nóvember sl., er höfðað með ákæru útgefni af lögrelustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 20. júní 2023, á hendur Kristni Eiðssyni, kt. [...], [...], [...], „fyrir hegningar- og umferðarlagabrot með því að hafa, að morgni fimmtudagsins 25. nóvember 2021, ekið hóp bifreiðinni [...] suðvestur Skeiðarvog í Reykjavík og beygt til hægri norðvestur Gnoðarvog, án nægjanlegrar aðgæslu og varúðar og án þess að virða forgang gangandi vegfaranda þannig að hóp bifreiðin hafnaði á A, kt. [...], sem gekk gegnt grænu umferðarljósi yfir gangbraut við vegamótin, svo hún féll við og lenti undir hægra framhjólum og hægri hlið hóp bifreiðarinnar með þeim afleiðingum að hún hlaut fjörláverka og lést nær samstundis.

Teljast brot þessi varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 19. gr. og 3. mgr. 27. gr., sbr. 94. gr., umferðarlaga nr. 77/2019.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 1. mgr. 99. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

### Einkaréttarkröfur:

B, kt. [...], gerir þá kröfu að ákærði, Kristinn Eiðsson, kt. [...], greiði sér miskabætur að fjárhæð kr. 3.000.000,- auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 25. 11. 2021 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist að ákærða verði gert að greiða

málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Þess er krafist að Kristni Eiðssyni, kt. [...], verði gert að greiða C, kt. [...], skaða- og miskabætur samtals að fjárhæð kr. 5.000.000,- með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 25. nóvember 2021, en síðan með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að krafan er birt Kristni, til greiðsludags. Þá er þess jafnframt krafist að Kristni Eiðssyni verði gert að greiða C, málskostnað að skaðlausu, skv. síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum 24% virðisaukaskatti, fyrir að halda fram bótakröfu sinni í málinu.“

Ákærði neitar sök.

Verjandi ákærða krefst þess aðallega að ákærði verði sýknaður af ákæru en til vara að honum verði ekki gerð refsing. Til þrautavara krefst hann þess að ákærði verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa. Hann krefst þess að ákærði verði sýknaður af bótakröfum í málinu en til vara að þær verði lækkaðar verulega. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna sem greiðist úr ríkissjóði.

Lögmaður bótakrefjandans B gerir sömu dómkröfur og að ofan greinir.

Lögmaður bótakrefjandans C lækkaði dómkröfu sína við aðalmeðferð málsins og krefst miskabóta að fjárhæð 3.000.000 króna ásamt vöxtum og dráttarvöxtum.

## I

### *Málsatvik*

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu barst lögreglu tilkynning fimmtudaginn 25. nóvember 2021, kl. 8:32, um að umferðarslys hefði orðið á gatnamótum Skeiðarvogs og Gnoðarvogs í Reykjavík. Hefði strætisvagni verið ekið á gangandi vegfaranda og væri hann fastur undir vagninum. Fram kemur í frumskýrslunni að myrkur hafi verið á vettvangi en götuljós hafi lýst. Þá hafi verið mikil rigning. Ekki hafi verið hálka en lofthiti hafi verið um 4°C. Kemur fram að á vettvangi hafi mátt sjá strætisvagn nr. 14 með skráningarnúmerið [...] kyrrstæðan í Gnoðarvogi til vesturs. Hafi kona legið með neðri hluta líkamans undir vagninum. Hafi sjúkraflutningamenn hafið endurlífgun. Sjá hafi mátt blóð á andliti konunnar sem og opið beinbrot á fæti. Hafi konan verið

flutt á bráðamóttöku í Fossvogi þar sem hún var úrskurðuð látin. Reyndist hin látna vera A.

Ökumaður strætisvagnsins, ákærði í máli þessu, kvaðst á vettvangi, og síðar við skýrslugjöf hjá lögreglu, hafa verið að aka Skeiðarvog til suðurs og stöðvað strætisvagninn við biðskýli í Skeiðarvogi þar sem hópur ungmenna sem var á leið í skóla hefði farið úr vagninum. Hefði hann í kjölfarið ekið varlega að rauðu ljósi á gatnamótum Skeiðarvogs og Gnoðarvogs. Hann hefði síðan ekið af stað á grænu ljósi og ekið varlega inn Gnoðarvog til vesturs. Hefði hann rétt verið að taka af stað í beygjunni þegar hann hefði heyrt dýnk og þá talið að bíll hefði rekist utan í vagninn. Hefði vagninn síðan runnið áfram 2–3 metra þar til hann stöðvaði hann. Hefði hann þá litið út og séð það sem hann taldi stúlku undir vagninum. Hefði hann ekki séð hana í aðdragandanum og ekki haft hugmynd um hvaðan hún hefði komið. Kvað hann ekkert hafa verið í umhverfinu sem kallað hefði á truflun en aðstæður hefðu hins vegar verið þær að það hefði verið myrkur, bleyta á götunum og því glampi á þeim vegna ljósa. Aðspurður um hvernig hann hefði kannað umhverfið áður en hann ók af stað í umrætt sinn kvaðst ákærði hafa horft á umferðina og litið í speglana vegna farþeganna sem voru að fara úr vagninum. Hefði einn þeirra farið fram fyrir vagninn og hefði hann því þurft að hægja á sér. Ekki hefði verið önnur truflun. Ákærði var sérstaklega spurður um öryggisgler vegna rannsóknar lögreglu á því og sagði hann það vera alveg gegnsætt og ekki valda neinni truflun.

Í málinu liggja fyrir myndbandsupptökur úr strætisvagninum í umrætt sinn. Var ein myndbandsupptökuvélin fyrir ofan vagnstjóra og sneri að framhurð strætisvagnsins. Má sjá á upptöku úr henni að margmennt var hægra megin við strætisvagninn er honum var ekið af stað í umrætt sinn frá biðstöðinni við Skeiðarvog. Má síðan sjá hvar A gengur af stað yfir Gnoðarvog í sömu mund og strætisvagninum er beygt úr Skeiðarvogi norðvestur Gnoðarvog. Er vagninum síðan ekið óhikað inn í beygjuna og í veg fyrir og síðan á A. Má sjá að hún lyftir höndum og reynir að koma sér undan vagninum en vagninn skellur í kjölfarið á henni og fellur hún við það á götuna og hverfur síðan úr mynd undir vagninn.

Krufningarskýrsla liggur fyrir í málinu. Samkvæmt henni var dánarorsök hinnar látnu áverkar á kviðarholi, brjósthóli og hálsi sem samræmdust því að strætisvagni hefði verið ekið yfir hana og hún fest undir vagninum.

Í málinu liggur fyrir skýrsla tæknideildar Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu vegna umrædds slyss. Í samantekt þeirrar skýrslu kemur fram mat skýrsluhöfundar á því hvað hafi getað haft áhrif á athygli og útsýni ákærða í umrætt sinn. Er þar um að ræða í fyrsta lagi að fjölmenni hafi verið á gangstétt hægra megin við vagninn er honum var ekið inn á gatnamótin sem hafi takmarkað útsýni ökumannsins til hægri, en sjá megi á myndbandsupptöku að vegfarandi gangi í veg fyrir strætisvagninn um það leyti sem honum sé ekið inn á gatnamótin. Í öðru lagi hafi verið myrkur og mikil rigning á vettvangi þegar slysið átti sér stað. Í þriðja lagi hafi öryggisgler og stoð fyrir það getað haft áhrif á útsýni ökumannsins og í fjórða lagi þær þröngu aðstæður sem hafi verið á vettvangi og hafi krafist einbeitingar við að taka beygjuna í umrætt sinn.

## II

### *Framburður ákærðu og vitna fyrir dómi*

Ákærði kvaðst í umrætt sinn hafa ekið strætisvagninum að biðstöð við Skeiðarvog og stansað þar og hleypt út hópi farþega við Menntaskólann við Sund. Hefðu þeir í kjölfarið hlaupið að ljósunum við gatnamótin og raðað sér upp þar. Kvaðst hann hafa ekið af stað en hægt á sér þegar drengur hefði gengið í veg fyrir vagninn. Síðan hefði hann tekið beygju til hægri og þá fyrst horft á gangbrautina, eins og hann hefði alltaf gert. Hefði verið grænt ljós fyrir gangandi umferð. Þar hefði enginn verið og hann hefði því ekið rólega áfram, horft beint áfram og síðan gjóað augunum til vinstri og haldið áfram. Hefði hann þá fundið högg og haldið að afturendi vagnsins hefði rekist í bifreið. Hann myndi síðan eftir því af myndbandsupptöku sem hann hefði séð að hann hefði þá stansað í stutta stund og síðan ekið að gangstéttinni og stansað þar. Þessu myndi hann ekki eftir frá vettvangi, líklega vegna áfallsins við að heyra dynkinn. Hefði hann síðan litið út og séð það sem hann hélt vera barn undir vagninum og brotnað niður við það. Hefði þá kona komið að, kennari, og hefði hún sagt að allir ættu að vera áfram í vagninum. Hann sagði að sér hefði verið sagt frá því á lögreglustöðinni síðar um daginn að hin látna hefði verið kona en ekki barn. Nánar aðspurður um það hvað hann hefði gert þegar hann beygði strætisvagninum í umrætt sinn kvaðst hann hafa horft til hægri á gangbrautarendann meðan hann hóf beygjuna. Síðan áfram og gjóað augunum til vinstri. Þegar hann hefði farið yfir gangbrautina hefði hann ekki horft til hægri enda þá nýbúinn að því. Líklega beint fram. Hann hefði aldrei séð hina látnu. Aðspurður um hvað hann teldi hafa valdið því að hann hefði

ekki séð hina látnu kvað hann orsakar þess vera margþættar. Það hefði verið myrkur og úðarigning. Göturnar hefðu verið blautar og mikil speglun þess vegna. Þá hefði ljós speglast af öryggisgleri sem verið hefði við öikumannssætið. Honum hefði alltaf fundist óþægilegt að hafa þetta gler, en það hefði verið sett upp í alla strætisvagna á covid-tímanum til að verja vagnstjóra fyrir smiti.

Vitnið D gaf skýrslu fyrir dóminum. Hún kvaðst hafa verið nýfarin úr vagninum þegar slysið hefði átt sér stað. Hefði hún séð hina látnu ganga út á götuna og verða fyrir vagninum. Hefði hún horft niður fyrir sig. Kvað hún vagninn hafa verið byrjaðan að beygja þegar hún hefði gengið út á götuna. Kvað hún vagninum ekki hafa verið ekið hratt enda hefði hann verið að taka krappa beygju.

Vitnið E gaf skýrslu fyrir dóminum. Hún kvaðst ekki hafa séð þegar strætisvagninum var ekið á hina látnu en séð hina látnu liggja fyrir aftan hjól vagnsins eftir slysið. Hefði margt fólk verið á vettvangi og hefði kennari úr Menntaskólanum við Sund hringt í lögreglu.

Vitnið F gaf skýrslu fyrir dóminum. Hún kvaðst vera kennari í Menntaskólanum við Sund. Hefði hún verið á leið til vinnu og átt leið fram hjá biðstöð við Skeiðarvog þegar strætisvagn hefði komið að og hleypt út hópi af fólki. Þau hefðu gengið saman að ljósunum og beðið eftir grænu ljósi þegar hún hefði heyrt eitthvert einkennilegt hljóð sem hún hefði ekki áttað sig á. Hefði hún þá litið upp og séð tvær stúlkur sem greinilega hefðu verið í miklu uppnámi líta í átt að strætisvagninum. Hefði hún þá líka litið í átt að honum og þá séð manneskju undir vagninum. Hefði hún greinilega verið látin.

Lögreglumaður nr. [...] gaf skýrslu fyrir dóminum. Hann framkvæmdi m.a. rannsókn á vagninum í umrætt sinn. Hann var spurður sérstaklega um öryggisglerið sem sett hafði verið upp við hlið öikumanna til að koma í veg fyrir covid-smit. Hann kvað mögulegt að stoð sem festi umrætt gler hefði áhrif á sjónsvið en miðað við *venjulega* setu bílstjóra ætti hún ekki að gera það. Þá gæti kantur á glerinu haft áhrif á það hversu vel bílstjóri sæi til hliðarspeglanna. Hann var einnig spurður um speglun í glerinu sem kemur fram á mynd í skýrslu tæknideildarinnar. Kvað hann myndir úr öryggismyndavél ekki benda til slíks, þótt speglun sæist vissulega á umræddri mynd tæknideildar. Þá hefðu öikumenn strætisvagnanna ekki talið þetta trufla. Hefði mögulega átt að gera sérstaka öryggisúttekt um þetta en það hefði ekki verið gert svo hann vissi til.

G sálfræðingur og H réttarmeinafræðingur gáfu skýrslu fyrir dómi og staðfestu skýrslur sínar sem fyrir liggja í málinu. Þá gáfu skýrslu lögreglumenn nr. [...] og [...]. Ekki er ástæða til að rekja framburð þeirra.

### III

#### *Niðurstaða*

Óumdeilt er í máli þessu að ákærði ók í umrætt sinn strætisvagninum [...] suðvestur Skeiðarvog og beygði til hægri norðvestur Gnoðarvog í Reykjavík, þar sem hann ók á A, sem gekk yfir Gnoðarvog á gangbraut gegn grænu ljósi. Féll hún við það í götuna og lenti undir strætisvagninum og lést vegna þeirra áverka sem hún hlaut við það.

Ákærði neitar sök og byggir á því að umrætt slys verði ekki rakið til gáleysis hans. Hefur hann borið því við að hann hafi ekki séð hina látnu í aðdraganda slyssins. Í skýrslu sinni fyrir dómi kvað hann orsakir þess margþættar. Myrkur hefði verið og úðarigning, göturnar blautar og mikil speglun þess vegna. Þá kvað hann ljós hafa speglast af öryggisgleri sem verið hefði við öikumannssætið.

Eins og áður var getið liggur fyrir upptaka úr myndbandsupptökuvél sem var fyrir ofan vagnstjóra og sneri að framhurð strætisvagnsins. Má þar sjá að margt fólk stóð hægra megin við vagninn þegar ákærði ók honum af stað í umrætt sinn frá biðstöðinni við Skeiðarvog. Má síðan sjá hvar hin látna gengur af stað yfir Gnoðarvog, á gangbraut og gegn grænu ljósi, í sömu mund og strætisvagninum er beygt úr Skeiðarvogi til hægri norðvestur Gnoðarvog. Sést síðan að ákærði ekur vagninum óhikað inn í beygjuna og á A. Má á upptökunni sjá að hún lyftir höndum og reynir án árangurs að koma sér undan vagninum sem er ekið á hana. Fellur hún við það á götuna og hverfur síðan úr mynd undir vagninn.

Í ákæru er brot ákærða heimfært undir 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þar sem segir að ef mannsbani hlýst af gáleysi annars manns varði það sektum eða fangelsi allt að 6 árum. Þá er brotið heimfært undir 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 19. gr. og 3. mgr. 27. gr., sbr. 94. gr., umferðarlaga nr. 77/2019. Kemur fram í umræddri 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga að vegfarandi skuli sýna tillitssemi og varúð svo að eigi leiði til hættu eða valdi tjóni eða óþægindum og þannig að eigi trúfli eða tefji umferð að óþörfu. Þá skuli og sýna þeim tillitssemi sem búi eða sé staddur við veg og haga sér þannig í umferðinni að öðru leyti að eigi valdi óþarfa ónáði. Í dómaframkvæmd hefur komið fram að vegna krafna um skýrleika refsheimilda verði

manni ekki gerð refsing fyrir brot á 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga einni og sér, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar í málum nr. 625/2013 og 60/2015, en þó beri að líta til þeirrar meginreglu sem þar kemur fram við mat á því hvort ökumaður hafi sýnt af sér gáleysi. Í 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga kemur m.a. fram að ökumaður vélknúins ökutækis sem ætli að beygja á vegamótum skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Hann skuli sérstaklega gefa gaum að umferð gangandi og hjólandi vegfarenda, svo og umferð sem á móti og á eftir komi. Þá kemur fram í 3. mgr. 27. gr. umferðarlaga að við göngupverun þar sem umferð sé stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum skuli ökumaður bíða eftir gangandi vegfaranda sem sé á gangbrautinni á leið yfir akbrautina þótt umferð sé að öðru leyti heimil í akstursstefnu ökumannsins. Ef göngupverunin er við gatnamót og ökumaður kemur að henni úr beygju á gatnamótunum skuli hann aka hægt og bíða meðan gangandi vegfarandi sem sé á þveruninni eða á leið út á hana komist fram hjá.

Áður hefur verið lýst aðstæðum á vettvangi umræddan morgun, sem ákærði telur hafa átt mikinn þátt í því slysið varð og eigi að leiða til sýknu. Dómurinn telur hins vegar að vegna umræddra aðstæðna, þ.e. myrkurs, úðarigningar, blautra gatna og mikillar speglunar þess vegna, auk þess fjölda fólks sem var við vegamótin í umrætt sinn, hefði ákærði átt að sýna aukna varúð enda augljós sú hættu sem stafar af slíkum aðstæðum þegar strætisvagni er ekið þar sem margir gangandi vegfarendur eiga leið um. Þá bar honum sömuleiðis að taka tillit til þess að fyrrnefnt öryggisgler gæti haft áhrif á útsýni úr ökumannssætinu. Telur því dómurinn ljóst, sérstaklega með vísan til þess sem sjá má í fyrrgreindri myndbandsupptöku, að ákærði hafi ekið ógætlega miðað við umræddar aðstæður og ekki gætt að því að ganga úr skugga um að gangandi vegfarendur væru ekki að ganga yfir gangbrautina gegn grænu ljósi. Hefði ákærði gætt betur að því í umrætt sinn, og ekið strætisvagninum í samræmi við þau ákvæði umferðarlaga sem rakin eru hér að framan, og brot hans er heimfært undir í ákæru, hefði honum ekki getað dulist hin látna þar sem hún gekk út á og yfir gangbrautina. Var að mati dómsins um að ræða stórfellt gáleysi af hans hálfu sem leiddi til þess að hann ók strætisvagninum á A með þeim afleiðingum að hún lést.

Með vísan til framangreinds og gagna málsins er ákærði sakfelldur fyrir það brot sem honum er gefið að sök í ákæru og er það rétt heimfært til refsíákvæða nema hvað brot hans verður ekki heimfært undir 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 vegna kröfu um skýrleika refsheimilda, eins og áður var getið.

#### IV

##### *Ákvörðun refsingar o.fl.*

Ákærði, sem fæddur er árið [...], á sér ekki sakaferil. Við ákvörðun refsingar er litið til hinna alvarlegu afleiðinga sem urðu af aðgæsluleysi hans. Á móti er litið til þess að þótt hann hafi neitað sök hefur hann skýrt greiðlega frá og ekkert dregið undan. Þá liggur fyrir að slysið og afleiðingar þess hafa haft veruleg áhrif á andlega líðan hans. Með hliðsjón af dómaframkvæmd og með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga þykir hæfileg refsing ákærða ákveðin fangelsi í tvo mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður tveimur árum eftir uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með vísan til 99. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ákærði enn fremur sviptur ökurétti í sex mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

##### *Einkaréttarkröfur*

Í málinu gerir dóttir hinnar látnu, B, kröfu um miskabætur að fjárhæð 3.000.000 króna og eiginmaður hennar, C, kröfu um miskabætur að sömu fjárhæð. Eru kröfur þeirra reistar á 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 en samkvæmt henni má gera þeim sem veldur dauða annars manns af ásetningi eða stórfelldu gáleysi að greiða maka, börnum eða foreldrum miskabætur.

Eins og áður var rakið ók ákærði umræddum strætisvagni á hina látnu þar sem hún gekk gegn grænu umferðarljósi með þeim afleiðingum að hún lést. Er það niðurstaða dómsins að hann hafi ekki sinnt lögboðnum varúðarskyldum í umrætt sinn auk þess sem hann hafi ekki sýnt þá sérstöku varúð sem honum bar vegna aðstæðna á vettvangi. Var hér að framan komist að þeirri niðurstöðu að með því hefði ákærði sýnt af sér stórfellt gáleysi sem valdið hefði dauða hinnar látnu. Eru því, að mati dómsins, uppfyllt skilyrði 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga til að greiða umræddum aðilum miskabætur. Með vísan til þess sem að framan er rakið um brot ákærða og afleiðingar þess er því fallist á kröfur um að ákærði greiði bótakrefjendum miskabætur. Þykja bæturnar hæfilega ákveðnar 2.000.000 króna til hvors um sig, með vöxtum eins og greinir í dómsorði. Miðast upphafsdagur dráttarvaxta við þann dag er mánuður var liðinn frá birtingu fyrirkalls fyrir ákærða, en bótakröfur voru þá jafnframt birtar fyrir

honum. Þá greiði ákærði bótakrefjendum kostnað við að halda uppi kröfunum og þykir hann hæfilega ákveðinn 800.000 krónur vegna hvors um sig.

#### *Sakarkostnaður*

Með hliðsjón af framangreindum málsúrslitum og með vísan til 1. mgr. 235. gr., sbr. 233. gr., laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 ber að dæma ákærða til greiðslu 735.960 króna sakarkostnaðar við lögreglurannsókn málsins. Þá ber ákærða að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Einars Odds Sigurðssonar lögmanns, 1.416.204 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Björn Þorvaldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Ákærði, Kristinn Eiðsson, sæti fangelsi tvo mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins að telja haldi ákærði almennt skilorð 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði er sviptur ökurétti í sex mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði B 2.000.000 króna ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá [dags.] til 24. september 2023, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og 800.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði C 2.000.000 króna ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 25. nóvember 2021 til 24. september 2023, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og 800.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Einars Odds Sigurðssonar lögmanns, 1.416.204 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og 735.960 krónur í annan sakarkostnað.

Björn Þorvaldsson

